

**Stjórnarfundur Félags hrossabænda**  
**haldinn í Bændahöllinni 11. október 2011 kl. 11**

Mætt til fundar: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Magnús Jósefsson ritari, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri, sem ritar fundargerð.

Kristinn setti fundinn og tók fyrsta mál á dagskrá fyrir.

Sagði breytingu hafa orðið varðandi **sláturhross** og nú í fyrsta skipti í langan tíma væru biðlistar í hrossaslátrun. Verð á Suðurlandi er um 145 kr. á kíló en eitthvað lægra fyrir norðan. Eyþór bætti við að verð á kg á folaldakjöti fyrir norðan væri komið í kr. 400. Kjöt af fullorðnum hrossum fer að mestu leyti í útflutning.

Hulda fór yfir **Hestatorgs verkefnið** sl. sumar og kynnti það, en torgið var sett upp bæði á LM og HM. Verkefnið var smærra í sniðum en áður, en tókst mjög vel. Sömu aðilar komu að verkefninu og er áhugi á áframhaldandi samstarfi.

Hulda sagði frá nýju efni á **icehorse-experience.is** vefnum. Teknar voru nýjar myndir í stóðsmölun og Skrapatungurétt í haust, mjög skemmtilegt efni sem skilaði sex nýjum myndskreiðum inn á vefinn.

Kristinn sagði frá hugmyndum um **samstarf við Ferðapjónustu bænda**. Hann fundaði með fulltrúum ferðapjónustunnar, ásamt varaformanni og framkvæmdastjóra, um þróun á nýju verkefni, sem snérist um að selja eitthvað annað en hross, selja upplifun. Huldu falið að fylgja málinu eftir.

Kristinn sagði frá stöðu **knapamerkjakerfisins**, en hann, Sigbjörn og Hulda sátu fund varðandi þau mál nýlega. Búið er að keyra allt kerfið í gegn einu sinni og fyrstu þrjú stigin hafa verið uppfærð og eru tilbúin til endurútgáfu. Einnig er mikill vilji til að koma þessu út erlendis og þá fyrst á ensku, stefna svo á Norðurlandamál og þýsku.

Stjórnarmenn voru sammála um mikilvægi þessa verkefnis og telja möguleika þess mikla. Nauðsynlegt er þó að ganga frá höfundarréttar- og útgáfusamningum áður en lengra er haldið. Félagið mun áfram styðja við verkefnið og leita fjármögnunar á því.

Ósk um **styrk frá MATÍS** til útgáfu íslensku kjötbókarinnar, vefútgáfu lögð fram. Samþykkt að veita styrk upp á 500.000 krónur.

Einnig **umsókn frá útgáfusviði BÍ** um 100.000 kr. styrk til kynningar á nýrri matreiðslubók. Erindið kynnt og styrkurinn samþykktur.

Hulda lagði fram ýmsar **blaðagreinar úr erlendum hestatímaritum** og dagblöðum, sem sýnishorn af fjölbreyttu samstarfi við erlenda blaðamenn, en stór hluti af hennar starfi snýst einmitt um að aðstoða og þjónusta erlenda fjölmiðlamenn sem áhuga hafa á íslenska hestinum.

**Erna Bjarnadóttir frá BÍ kom til fundar** – rætt var um tryggingamat á hrossum, þ.e. árlegt matsverð á hrossum í landbúnaðartryggingu/lágmarks skyldutryggingu sem bændur hafa. Málið rætt og samþykkt

að Erna leiti frekari upplýsinga, þ.e. hvað bætir þessi trygging og hvað kostar að hækka hana, þ.e. hlutfallslega?

Í framhaldinu spurðu stjórnarmenn aðeins út í **ESB** mál og Erna sagði ekkert ljóst í þeim málum ennþá. Á fundum með ESB fulltrúum hefur komið skýrt fram að þeir muni aldrei samþykkja fortakslaust bann á innflutningi á dýrum. Ein af grunnforsendum ESB er frjálst flæði á vörum, þar með búfé. Þarna verða Íslendingar að berjast gríðarlega, ekkert sjálfgefið þar. Nauðsynlegt að vera á tánum varðandi þessi mál.

#### **Umræða um sæðingar og fósturvísaf lutninga.**

Ólafur vakti máls á þessu efni og sagði orðið umhugsunarvert að notkun tækninnar við tímganir virðist orðin hömlulaus og engar reglur þar um. Hrossastofninn telur rúm 70.000 hross. Hér fæðast um 7.000 folöld og þar af eru um 4.000 ásett. Í sumar voru allt að 200 hryssur sæddar við vinsælustu stóðhestunum – sá fjöldi er um 20% af ásettum folöldum. Hvaða áhrif hefur þetta á stofninn? Erfðabreytileika, siðfræði, frjósemi?

Hvað með ófrjósömu merarnar sem er verið að sæða við af því þær fá ekki öðruvísi, hvaða áhrif hefur það að vera að sæða hryssur sem ekki fyljast á náttúrulegan hátt? Stjórnarmenn veltu þessum sjónarmiðum upp.

Eyþór hafði samband við Lbhí og leitaði upplýsinga um þetta. Þaðan komu m.a. þær upplýsingar að hömlulaus notkun á ákveðnum hestum eykur skyldleikaræktun þó við séum ekki kannski kominn á hættulegan stað með það ennþá. Svo er þekkt erlendis að sæðingar og fósturvísaf lutningar hafa áhrif á frjósemi því þar er oft verið að vinna með hross sem ekki eru frjósöm á náttúrulegan hátt.

Samþykkt að reyna að fá fulltrúa Lbhí á aðalfund 2011 til að fjalla um þessi mál.

**Bjarni Maronsson frá Landgræðslunni** kom til fundar og fjallaði um samstarfsverkefni FHB og Landgræðslunnar. Sagði svipaðan fjölda vera þátttakendur í gæðastýringu og undanfarin ár. Sagði samstarfið við FHB gott og mikilvægt.

Almennt er talað um að land sem hefur verið ofnýtt sé um þrjú ár að jafna sig. Auðvitað eru dæmi um land sem jafnar sig á styttri eða lengri tíma. Úttekt á beitolandi í fyrra sýnir greinilega að ástandið hefur farið batnandi. Gagnasöfnun er lokið að mestu leyti og verið að skrá upplýsingar. Þegar endanlegar niðurstöður og úrvinnsla liggja fyrir verða þær kynntar fyrir stjórn FHB.

Gæðastýringin mætti vera sýnilegri, það þyrfti að gera skurk í að fjalla um gæðastýringuna, t.d. á vefmiðlum og í Bændablaðinu sem og hestatímaritum. Einnig mættu leiðbeiningar um landnýtingu vera aðgengilegar á vefnum og kynntar betur þar sem hestamenn gætu haft aðgang að þeim.

**Erindi frá Hrossarækt.is** tekið til skoðunar þar sem félaginu eru boðin kaup á ársriti hrossaræktarinnar á tilboðsverði til sinna félagsmanna. Stjórnarmönnum líst vel á hugmyndina en Kristni falið að tala við formenn allra deilda á morgun og fá þeirra álit.

**Undirbúningur fyrir aðalfund.** Farið yfir þau mál sem þarf að afgreiða og Huldu falið að fylgja þeim eftir.

**Staða markaðsmála rædd** – þungt hljóð í mörgum, en þó einhverjir sem segjast selja. Málin rædd vítt og breitt. Félagið hefur lagt áherslu á fjölbreytt markaðs- og kynningarverkefni sem gagnast heildinni, t.d. þjónustu við erlenda fjölmiðlamenn, rafræna reiðtúra á vefnum, nýtt samstarf við Ferðapjónustu bænda

og Hestatorgið svo eitthvað sé nefnt.

Samþykkt að stefnt að því að halda málþing um markaðsmálin í byrjun nýs árs.

Rætt um **hrossaræktarráðstefnuna í ár** – Kristinn kynnti hugmyndir um efnistöð þar og svo var samþykkt að afhenda aftur þau tvönn verðlaun sem FHB byrjaði að gefa í fyrra, þ.e. fyrir hæst dæmda einstaklingssýnda hrossið á árinu, að teknu tilliti til aldursleiðréttingar og til þess knapa sem sýnir hross til hæsta hæfileikadóms á árinu, án áverka.

Fjallað um komandi **fagráðsfund**. Flestir á því að LM séu orðin allt of löng og nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag og dagskrá. Kristinn mun færa þau skilaboð stjórnar inn á fund fagráðsins.

### Önnur mál

**Járningamannafélagið** er að fá bandarískan sérfræðings til landsins sem er sérfræðingur í kvíslbandsbólum og hófsperru. Þeir sækja um styrk í tengslum við það og fræðsluþing um járningar á Hvanneyri. Samþykkt að veita styrk upp á 75.000.

Hulda las **bréf frá MAST** þar sem enn er ítrekað að öll sláturhross skuli einstaklingsmerkt og vera án lyfjaleifa.

Kristinn sagði stuttlega frá **aðalfundi Landsmóts** ehf.

Kristinn las **bréf frá Ólafi Hafsteini Einarssyni stjórnarformanni Eiðfaxa** þar sem hann ber upp kvörtun til stjórnar FHB vegna þess að starfsmaður félagsins hafi heyrst tjá sig um Eiðfaxa og þyki lítið til koma. Stjórn sá ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu enda ekki hennar hlutverk að vakta ummæli starfsfólks utan vinnutíma og fólki frjálst að hafa skoðanir.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 18:30.

HGG/hgg